

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 319 6. júní 1996 með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*

24. júní 1999

Nr. 430

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

#### Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er kr. 75.056.267 á ári og fast gjald Borgarbyggðar er kr. 29.526.950 á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er kr. 22,40 á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

#### Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði =  $F \times 11,60 \text{ kr/m}^2$ , ef F er minna en eða jafnt  $130 \text{ m}^2$ .

Fast gjald á mánuði =  $1.508 \text{ kr.} + (F - 130) \times 6,98 \text{ kr/m}^2$ , ef F er stærra en  $130 \text{ m}^2$ .

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 84,16 fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 112,49 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

## 6. gr.

Vatnssala um hemil.

Vatnsgjald um hemil kr. 2.718 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

## 7. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir 6 m<sup>3</sup>/klst.: 280 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m<sup>3</sup>/klst.: 502 kr/mán.

## 8. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald kr. 1.583.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 573.

## 9. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignarmati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m <sup>3</sup>	75.155 kr.
251-500 m <sup>3</sup>	75.155 + 179,11 kr/m <sup>3</sup> yfir 250 m <sup>3</sup>
501-1500 m <sup>3</sup>	119.931 + 105,11 kr/m <sup>3</sup> yfir 500 m <sup>3</sup>
1501-6000 m <sup>3</sup>	225.045 + 67,44 kr/m <sup>3</sup> yfir 1500 m <sup>3</sup>
yfir 6000 m <sup>3</sup>	528.520 + 52,98 kr/m <sup>3</sup> yfir 6000 m <sup>3</sup>

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 56.641,00. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 17.132,00 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.431,00 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveita heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

## 10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysliverðs í júlí 1999 sem er 188,8 stig.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 98 frá 4. febrúar 1999.

*Iðnaðarráðuneytinu, 24. júní 1999.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*